

# Kveðja frá VANÚATÚ!

Vanúatú er hitabeltiseyríki í Kyrrahafinu.  
Meira en 300 þúsund manns búa þar!



## LITRÍKIR PENINGAR

Vanúatú er með mjög litríka peninga sem sýna myndir af lífinu á eyjunum og gróðri og dýrum sem búa þar.



VERKEFNI

## Blómakórónur

Fólkið á Vanúatú ber marglitar blómakórónur á hátíðum og við athafnir.

Klippið **litaðan pappír** niður í blómaform. Gerið lítil göt í miðjuna á hverju blómi. Klippið nægilega langt **band** til að vefja um höfuð ykkar. Þræðið pappablómin upp á bandið. Bindið síðan endana á bandinu saman. Kóróna ykkar er tilbúin til að ganga með!



Mormónsbók var þýdd á bislamamál árið 2004. Síðan þá hafa fleiri en 8000 manns gengið í kirkjuna í Vanúatú!


## MORMÓNSBÓK

Kirkjumeðlimir í Vanúatú sækja trúarsamkomu með öldungi Gary E. Stevenson í ágúst 2017.



## HITABELTISEYJA

Vanúatú er þekkt fyrir fallegar strendur og tært blátt vatn. Sumar strandanna eru jafnvel með svartan sand!



## TUNGUMÁL

Bislamamál, enska og franska eru opinberu tungumálin. Næstum allir tala bislamamál!

MYNDSKREYTING: ANNA OLDRÖYD



UPPSKRIFT

## Kókoshnetukaka

Kókoshnetukaka er vinsælt góðgæti á Vanúatú. Hér er uppskrift sem þið getið prófað!

1. Þeytið saman **1/2 bolla af sykri** og **3/4 bolla af bræddu smjöri** í skál.
2. Bætið við **2 eggjum** og blandið saman.
3. Hrærið út í **1/2 bolla af hveiti**, **1 bolla af rifnum kókosi** og **1 teskeið af lyftidufti**.
4. Hellið í smurt kringlótt mót og bakið um 20 mínútur á 150°C.

Verið viss um að fá hjálp frá fullorðnum!

Tangkyu.



Það þýðir „þakka þér fyrir“ á bislamamáli!